

FERÐALÖG OG JARÐFRÆÐI

Snæfellsnes er einn merkilegasti hluti Íslands og þykir mér alltaf gaman að sjá um það vel ritað, eins og nú í ferðasögu stúlkanna, sem verið hefir í Sunnudagsblaði Vísis undanfarið. Sýnir ferðasagan líka vel og skemmtilega hversu röskar og ótrauðar íslenskar stúlkur í sumarfríi geta verið, og hversu eftirtektarverðum rithöfundarhæfileikum þær geta búið yfir. En í hug kom mér, eins og oftár er ég les ferðasögur, hve mjög er ástæða til að óska þess að jarðfræðin væri í meiri metum höfð, og hversu miklu meira gagn fólkið mundi hafa af ferðum sínum, og lesendur af því, sem það skrifar um þær, ef ferðafólkið hefði lært að skilja ýmislegt það, sem auðveldlega má sjá af landslaginu um sköpunarsögu landsins, og hafa gagn af því merkilegasta, sem um það hefði verið skrifað. Ég er viss um, að hin svo vel ritfæra og röska ferðastúlka hefði skrifað eitthvað skemmtilegt t. d. um Brimlárhöfða (Stöðina) og Kirkjufell, ef svo hefði verið, þar sem þessi fögru fell hafa að varðveita svo furðulegar menjar stórmerkilegra atburða og umskipta í jarðsögu landsins. Hefir Jóhannes Áskelsson jarðfræðingur, nú fyrir skömmu með ágætum aukið við það, sem áður var um þetta vitað, eins og ég vona að geta minnst á betur síðar.

Nóv. 1938